

12. gr.

Ef fullur fjórðungur og allt að $\frac{3}{4}$ hlutum hæðar er ekki hitaður, skal reikna heimæðagjaldið af hálfri hæðinni, en sleppa hæðinni ef hún er hituð að minna en $\frac{1}{4}$ hluta. Þó skal hvergi reikna lægra heimæðagjald fyrir hús, en sem svarar af hálfri hitaðri hæð.

13. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

14. gr.

Gjalddagi heimæðagjaldsins er hinn 1. næsta mánaðar eftir að húsið fær samband við hitaveitukerfi bæjarins. Með samningi við húseiganda má þó veita gjaldfrest á heimæðagjaldinu, þannig að það verði greitt að fullu með allt að 5 jöfnum árlegum afborgunum, enda sé slíkur samningur gerður fyrir gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af þeim hluta gjaldsins, sem eftir stendur á hverjum tíma.

III. KAFLI

15. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá álestursdegi í maí 1960.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940 til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 233 30. des. 1943 og breytingar á þeirri gjaldskrá nr. 92 8. júlí 1958 og gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitu Reykjavíkur nr. 173 1. sept. 1943 og breyting á þeirri gjaldskrá, nr. 91 8. júlí 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Neskaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Neskaupstaðar er börnum 12 ára og yngri bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20 og unglingum 13—15 ára eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum. Þó er þeim heimilt að sækja kvöldskemmtanir skóla og æskulýðsfélaga, undir eftirliti foreldra eða fulltrúa þeirra. Þeim er á sama tímabili óheimill aðgangur að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Foreldrum og forráðamönnum barnanna ber að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

72

14. maí

2. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema með leyfi foreldra eða forráðamanna.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara fyrirtækja ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki óheimilan aðgang.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir innanfélags hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum, sbr. 1. gr.

5. gr.

Bönnuð er sala á þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

6. gr.

Barnaverndarnefnd er heimilt að banna börnum að annast blaðsölu, dreifingu blaða og útburð bréfa, ef henni þykir ástæða til.

7. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að kynna sér kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar opinberar sýningar, sem unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, áður en almennar sýningar hefjast. Ákveður nefndin síðan, hvort unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

8. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að skemmta á samkomum, þar sem aðgangseyris er krafizt, án sérstaks leyfis barnaverndarnefndar. Foreldrar viðkomandi barna og forráðamenn bera ábyrgð á, ef út af þessu er brugðið.

9. gr.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að ákveða, að unglingar 12—16 ára skuli bera aldursskirteini.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 29/1947.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð frá 13. desember 1934 um sama efni.

Í menntamálaráðuneytinu, 14. maí 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.